31. <u>Sjúkrasamlag Reykjavíkur (S.R.)</u>

2 blöð.

## Sjúkrasamlag Reykjavíkur (S. R.)

er stofnað 12. september 1909, af fyrv. aðalféhirði Landsbankans, Jóni Pálssyni.

Á stofnfundinum „mættu 14 menn og ákváðu þeir að stofna félagið sama dag. Auk þessara 14 manna mætti á fundinum hr. landlæknir Guðmundur Björnsson, er skýrði mjög nákvæmlega tilgang og þýðingu slíkra félaga og gaf fundarmönnum ýmsar góðar og gagnlegar bendingar um þetta mál.“ Þá var og kosin bráðabyrgðastjórn „til þess að hrinda málinu áfram, fá samin lög, reikningsform og eyðublöð o.s.frv.“ Í þessa bráðabyrgðastjórn voru kosnir Jón Pálsson organisti, Hallgrímur Benediktsson verzlunarmaður (nú stórkaupmaður) og Hjálmtýr Sigurðsson verzlmaður, (nú kaupmaður).

Þar eð Odd-Fellowar munu hafa haft þetta mál á dagskrá hjá sér áður en til framkvæmda kom og m. a. að landlæknir hafði haldið mjög fróðlegan og hvetjandi fyrirlestur í Odd-Fellowfélaginu ~~fyr~~ nokkru áður, skrifaði bráðabyrgðastjórnin sama dag (12. sept.) bréf til Odd-Fellowstúkunnar Ingólfur No 1. hér í Reykjavík (en þá var aðeins ein Odd-Fellow-stúka hér á landi) og bað hana „að láta sjúkrasamlaginu í té fyrirmynd að sjúkrasamlagslögum og upplýsingar um skipulag slíkra félaga“.

Odd-Fellowfélagið fól þetta starf í hendur 5 manna nefnd í félaginu. Í þeirri nefnd voru: Guðm. Björnson landlæknir, Halldór Daníelsson yfirdómari, Eggert Claessen yfirdómslögm., Sighvatur Bjarnason bankastjóri og Klemens Jónsson.

"Á fundum þeim, sem bráðabyrgðastjórnin hélt, ýmist ein út af fyrir sig eða með stofnendunum 17. og 31. október og síðan 14. nóvember, voru lög samlagsins rædd og samþykkt og á síðasta fundinum (14. nóv.) kosnir fyrstu stjórnendur samlagsins, samkvæmt lögum þess, og var hún þannig skipuð:

Formaður: Jón Pálsson

Meðstjórnendur: Pétur G. Guðmundsson, Hallgrímur Benediktsson, Eggert Claessen, Carl Finsen, Ásgrímur Magnússon og Guðm. Björnsson.

Vara-meðstjórnendur: Pétur Zophoníasson og Sighvatur Brynjólfsson.

Endurskoðunarmenn: Halldór Daníelsson og Klemens Jónsson

Vara-endurskoðunarmenn: Sighvatur Bjarnason og Hjálmtýr Sigurðsson.

Þá var og gjörður samningur milli Læknafélags Reykjavíkur (L.R.) og samlagsins (S.R.) svo og samningur um gerðardóm; ennfremur voru eyðublöð fyrir gjaldseðla og inntökubeiðni búin undir prentun.

— " — — " — — " —